12. desember 2003 499 Nr. 120

LÖG

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.440“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 5.576.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árinu 2004 vegna tekna ársins 2003.

Gjört á Bessastöðum, 12. desember 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jón Kristjánsson.

12. desember 2003 Nr. 121

LÖG

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4.–7. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Gjört á Bessastöðum, 12. desember 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.